

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 106/98
frá 27. nóvember 1998

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/98 frá 30. október 1998⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/60/EB frá 27. október 1997 um þriðju breytingu á tilskipun 88/344/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi leysiefni sem notuð eru við framleiðslu matvæla og efnispátta sem notaðir eru við matvælavinnslu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 43. lið (tilskipun ráðsins 88/344/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0060**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/60/EB frá 27. október 1997 (Stjtið. EB L 331, 3.12.1997, bls. 7).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 197, 29.7.1999, bls. 51 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 33, 29.7.1999, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 331, 3.12.1997, bls. 7.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/60/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. nóvember 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins*.

Gjört í Brussel 27. nóvember 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner